

# Góð ráð um losun ferðasalerna

Úrgangur frá ferðasalernum inniheldur bakteríur og efni sem geta verið skaðleg heilsu og umhverfi.

- Einungis má losa salernisúrgang á **sérstökum losunarstöðum**.
- **Aldrei nota ferskvatnsslöngu** til að skola ferðasalerni eða niðurfall.
- **Notum hanska eða spritt** á hendur til að koma í veg fyrir bakteríusmit.
- Ferðasalerni eru **eingöngu fyrir piss, kúk og klósett-pappír**. Mikilvægt er að nota eingöngu klósettpappír sem er ætlaður ferðasalernum.
- **Notum vistvæn og lífbrjótanleg hreinsiefni**. Forðumst að nota klór eða hreinsiefni sem innihalda formaldehyð eða fosfat.
- Ef hægt er, **losum eldhús- og sturtuvatn í annan farveg** en í rotþró eða safntank ætluðum salernisúrgangi.

